

Starfskýrsla



Skógræktarfélags Garðabæjar
1. okt. 2008 – 1. okt. 2009

Inngangur

24. nóvember 1988 var Skógræktarfélag Garðabæjar stofnað úr Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

Skógræktarfélag Garðabæjar er félag allrar fjölskyldunnar, karla, kvenna og barna. Félagsmenn eru um 320.

Markmið félagsins er að rækta land; mynda skjól með fjölbreyttum trjágróðri, efla útivist fólks og gera almenning meðvitaðan um fjölbreytta náttúru Garðabæjar.

Þessi starfskýrsla nær til tímabilsins 1. okt. 2008 til 1. okt. 2009.

Á haustmánuðum 2008 stóð yfir undirbúningur afmælistálfings og undirritunar samstarfssamnings milli Garðabæjar og skógræktarfélagsins. Vinna við lokadrög útivistarskipulags á Smalaholti sem var sérstaklega gert í tilefni 20 ára afmælis félagsins. Smalaholtið er skógræktarfélaginu sérlega kært því það er fyrsta landspildan sem hópur áhugafólks um skógrækt fékk til umsjónar úr jörðinni Vífilsstöðum frá Ríkisspítölum. Þetta tímabil hefur verið viðburðaríkt í starfsemi félagsins. Félagið gerði nú í fyrsta skipti samning við verktaka til tólf vikna til að hafa umsjón og eftirlit á skógræktarsvæðum félagsins.

Stjórn

Stjórn frá síðasta aðalfundi 24. mars 2009:

Erla Bil Bjarnardóttir, formaður	
Kristrún Sigurðardóttir, varaformaður	
Arndís S. Árnadóttir, ritari	
Barbara Stanzeit, gjaldkeri	
Björn Már Ólafsson, meðstjórnandi	
Sigurður Þórðarson	“
Sigurður Björnsson	“
Sigurður Hafliðason	“
Guðrún Þórisdóttir	“
Sigurður Sigurkarlsson	“

Skoðunarmenn reikninga félagsins: Ólafur Nilsson og Helgi Hjálmtýsson.

Stjórnarmenn þiggja ekki laun fyrir vinnuframlög til félagsins.

Samstarfsamningur

Aðdragandi að samstarfsamningi félagsins við Garðabæ var nokkuð langur eða rúm tvö ár. Skipuð var þriggja manna samninganefnd úr stjórn þ.e. Sigurður Þórðarson, Barbara Stanzeit og Sigurður Hafliðason, sem unnu með drög sem formaður setti saman úr samningum annarra skógræktarfélaga um páska 2006. Sigurður Þórðarson sá um að fylgja honum eftir við bæjarstjóra með þeim breytingum sem til þurfti þannig að báðir aðilar yrðu sáttir. Starfstyrkur samningsins kr. 2 milljónir tók gildi í upphafi ársins 2008. Samningurinn kynntur nánar á aðalfundi félagsins 2009.

Stjórn skógræktarfélagsins telur þennan samning hagstæðan bæjarfélaginu. Þannig getur félagið staðið undir væntingum sem gerðar eru til þess.

Félagsstarf

Fræðslu-, félagsfundir og aðrar athafnir

- Fræðslufundur 7. okt. 2008 með myndasýningu í Safnaðarheimilinu frá skógræktarferð til Kamtsjatka sem er austasta hérað Rússlands. Ferðin var skipulögð af S.Í. og opin öllum skógræktarfélögum. Nokkrir félagar úr Sk.Gb. fóru í ferðina þ.á.m. Erla Bil formaður sem sýndi myndir sínar úr ferðinni.
- Afmælistálfing með haldið var í sal FG þann 28. nóv. 2008.
- Aðalfundur félagsins var haldinn 24. mars 2009 í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli. Gestafyrirlesari var Auður Jónsdóttir garðyrkjufræðingur sem fjallaði um matjurtarækt.
- Haustferð laugardaginn 12. sept. 2009.
- Opnun útivistar- og útsýnisstígs í Smalaholti þann 21. sept. 2009.
- Hreinsunaráttak 5. maí 2009.

Afmælistálfing

Í tilefni tuttugu ára afmælis Skógræktarfélags Garðabæjar 24. nóvember 2008 var haldið afmælistálfing um *útivist og skógrækt*. Þingið var haldið 28. nóv. og var opið öllum áhugasömum. Gunnar Einarsson bæjarstjóri flutti ávarp, eftir undirritun samstarfssamnings milli Garðabæjar og skógræktarfélagsins sem Barbara Stanzeit gjaldkeri undirritaði fh. félagsins. Ragnhildur Skarphéðinsdóttir hjá Hornsteinum kynnti skipulagstillögu að innstígum og áningarstöðum í Smalaholti sem gert var í tilefni afmælisins. Aðalsteinn Sigurgeirsson forstöðumaður Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins flutti erindi um virði Heiðmerkur og annarra skóga Garðabæinga. Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur flutti erindi um hvers virði menningarlandslagið er. Að lokum flutti Jóhann Óli Hilmarsson erindi um fugla og útivist. Aðstandendur málfingsins voru mjög ánægðir með áhugaverð erindi. Í lokin var boðið upp á léttar veitingar við píanóundirleik Pálmars Ólasonar.

Sumarstarfið

Vinnu- og samverukvöld á þriðjudögum í maí og júní hefur verið fastur liður í starfsemi félagsins frá upphafi. Sumarstarfið hófst 5. maí með þátttöku skógræktarfélagsins í hreinsunarátaki bæjarins að hreinsa til í nærumhverfinu. Félagsmenn tíndu rusl í Smalaholti sem var mest frá byggingarsvæðum í Kópavogi. Félagið fékk að launum hvatningarstyrk frá bænum. Sumarstörfin snúast aðallega um aðhlynningu plantna á svæðunum með áburðargjöf og klippingu á lúpinu. Í þurrkatíð vökvun á plöntum í geymslu- og uppeldisreitum.

Gróðursetningar

Svæði skógræktarfélagsins eru nær fullplöntuð, það eru svæðin ofan byggðar sem eru Smalaholt, Sandahlíð, Hnoðraholt, Hádegisholt og Tjarnholt. Gróðursetningar eru í litlu magni aðeins til að auka fjölbreytni tegunda t.d. nokkrum tugum ilmreynitrjáa plantað í Smalaholtið. Um 400 plöntur voru gróðursettar á svæðin í sumar.

Landgræðsluskógasvæðið í Leirdal sunnan Bláfjallavegar hefur verið í gíslingu óbyggðanefndar ríkisins, það svæði er í bið.

Auk þess hefur félagið umsjón með Yrkjugróðursetningum nemenda grunnskóla bæjarins er skólarnir fá úthlutað úr Yrkjusjóði. Þær voru gróðursettar í bæjargarðinn.



Skógræktarfélagar við hreinsun Smalaholti

Brynjudalsferð

Farið var í árlega Brynjudalsferð 15. júní. Félagar hlúðu að jólatrjáareitnum og plöntuðu 35 trjám. Í Brynjudalnum hafa skógræktarfélögin á Suðvestur horni landsins reiti til umráða til jólatrjáaræktunar. Innan fárra ára stefnir Sk.Gb. að því að taka á móti fjölskyldum til jólatrjáa-kaupa, eins og S.Í. hefur gert í mörg ár í dalnum. Brynjudalurinn er mjög vel fallinn til ræktunar sígrænna trjáa.

Haustferðir

12. haustferð félagsins var farin um uppsveitir Árnassýslu laugardaginn 12. september. Heimsóttir eru nokkrir staðir þ.a.m. skoðuð ræktun skógræktarfélaga, einstaklinga og gróðrarstöð. Haustferðirnar eru í boði félagsins, en félagsmenn hafa með sér nesti til dagsins.

Jólatrjáasala

Í nokkur ár hefur félagið staðið fyrir sölu jólatrjáa í aðstöðu félagsins þar sem jólatrjáa-tilraunareiturinn er. Salan var opin tvo laugardaga fyrir jól (13. og 20. des.). Boðið var upp á heitt kakó/kaffi og piparkökur. Þessi liður í starfseminni er ekki síst hugsaður að ná til nýrra félaga og hittast. Nú voru í fyrsta skipti höggnað stafafurur í Smalaholti og bætt við útvalið sem fyrir var þ.e. rauðgreni, blágreni og fjallapín.

Seldust 40 jólatré.



Barbara við fallegt rauðgreni í jólatrjásölu

Samstarf skógræktarféлага

Þátttaka og samstarf við önnur skógræktarfélög hefur alltaf verið mikilvægur liður í störfum stjórnar. Skógræktarfélag Íslands boðar til og stjórnar margvíslegum verkefnum. Dæmi um það eru:

Samstarf um Græna trefilinn, skýrsla í október 2006 sem send var sveitarstjórum og borgarstjóra á höfuðborgarsvæðinu.

Samstarf um Græna stíginn ofan höfuðborgarsvæðisins sem kynnt var á fundi SSH í byrjun sl. árs.

Þátttaka í skipulagningu Atvinnuátaks SÍ 2009-2011.

Seta á aðalfundum Skógræktarfélags Íslands þar sem félagið á fjóra fulltrúa.

Græni trefillinn – græni stígurinn

Á síðasta ári ákvað S.Í. að ráðast í það verkefni að setja niður drög að græna stígnum, en þá hafði hann verið í umræðunni í um tvö ár. Þráinn Hauksson hjá Landslagi var fenginn í verkefnið og kynnti fyrstu drög að græna stígnum í maí 2008, sem hann vann í samvinnu við skógræktar- og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Samstarfshópur um Græna trefilinn hefur starfað í nokkur ár og unnið að hugmyndum um uppbyggingu á Græna treflinum. Græni stígurinn er hugsaður 3ja metra breiður og 50 km langur malbikaður stígur í upplandi höfuðborgarsvæðisins í Græna treflinum, allt frá Undirhlíðum í Hafnarfirði norður í Esjuhlíðar. Stígurinn þarf að fara í skipulagsferli innan viðkomandi sveitarfélaga og samþykkjast í nefnd svæðisskipulags á höfuðborgarsvæðinu SSH. Það ferli er rétt hafið svo en er langt í land með framkvæmdir. Búast má við að einhver sveitarfélög framkvæmi hluta stígsins sem eru inni á gildandi aðalskipulögum, t.d. í Garðabæ gæti verið sunnan undir Vífilsstaðahlíð.

S.Í. vinnur nú að því að koma stígnum inná samgönguáætlun Vegagerðar ríkisins.



Ragnhildur Hornsteinum kynnir stjórn skipulagstillögu af Smalaholti

Skipulag stíga og áningastaða í Smalaholti



Stígur Smalaholti settur út með hælum

Félagið lét skipuleggja innstíga og áningarstaða í Smalaholti 2007-2008 í tilefni 20 ára afmælisins. Félagið sótti um framkvæmdaleyfi 26. febrúar 2009 fyrir lagningu fyrsta áfanga útivistarstígs og samþykki bæjarins fyrir skipulagstillögunni sem unnin var af Hornsteinum ehf. Skipulagstillagan var tekin fyrir sem óveruleg breyting á gildandi aðalskipulagi sem lauk ekki fyrr en 19. júní þegar grænt ljós fékkst hjá skipulagsstjóra. Þarna tapaðist dýrmætur tími því atvinnuáttakshópar hófu störf 2. júní.

Félagið keypti 3 útibekki með merki félagsins sem settir hafa verið upp við stíginn og viðeigandi upplýsingaskiltum komið fyrir þar sem gönguleið og reiðleið skarast.

Fyrsta áfanga stígsins eftir brúns holtsins tókst að ljúka á tilsettum tíma. Félagið bauð til formlegrar opnunar 21. sept. S.Í. að viðstöddum skógræktarfélögum og gestum. Séra Hans Guðberg Alfreðsson blessaði áfangann og Magnús Gunnarsson formaður S.Í. flutti ávarp. Boðið var upp á kakó eftir göngu um stíginn.

Umsjónarmaður á skógræktarsvæðum félagsins

Félagið hefur tvö undanfarin ár leitað að sumarstarfsmanni til starfa við umhirðu s.s. áburðargjöf og umsjón með verkefnum atvinnuáttaksflokka frá bænum þegar þeir bjóðast. Sumarið 2009 var ráðinn verktaki í tólf vikur í þessi verkefni. Hann undirbjó og hafði umsjón með verkefnum atvinnuáttakshópa frá bænum í samstarfi við garðyrkjustjóra samkv. samningi við bæinn.



Atvinnuáttak 2009 – samstarf Garðabæjar og skógræktarfélagsins

Haustið 2008 boðaði Magnús Gunnarsson formaður SÍ forsvarsmenn skógræktarfélagana á höfuðborgarsvæðinu til fundar vegna verkefnis sem SÍ hugðist vinna að til öflunar fjár til mannaflafrekra verkefna á skógræktarsvæðunum þ.e. *Atvinnuáttak 2009-2011*. Þessari hugmynd tóku skógræktarfélagar vel og voru fúsir til samstarfs sem fólst í því að félögin skipulögðu verkefni á sínum svæðum og buðu viðkomandi sveitarfélagi til samstarfs fyrir atvinnulausa. Við þetta bættist skólafólk í sumarvinnu sem hentaði okkur Garðabæingum betur. Magnús formaður vann ötullega að því að afla fjár til verkefnisins ásamt Maríu Stefánsdóttur verkefnisstjóra sem Linda Waage tók síðar við. Tókst að fjármagna verkefnið frá Ríkinu og Vinnumálastofnun lofaði kr. 150 þús. á mán. fyrir fólk á atvinnuleysisskrá. Var hugmyndin ekki síst að fá iðnaðarmenn til starfa.



Undirritun samnings um Atvinnuáttak í Garðabæ 2009

Gerður var samstarfssamningur milli Sk.Gb., Garðabæjar og S.Í. um verkefni á umsjónarsvæðum félagsins og Garðabæjar hluta Heiðmerkur um atvinnuáttaksverkefnið 5. júní 2009. Í honum fólst að fá endurgreiddan kostnað utan vinnulauna frá S.Í., það var efni til stíga-gerðar, vélavinnu o.fl. Endurskoða þarf samninginn fyrir 2010, þ.e.a.s. að fá vinnulaun að einhverjum hluta greidd t.d. þau er lúta að undirbúningi *græna stígsins* við að flytja plöntur.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 samkvæmt samstarfsamningi Garðabæjar og Skógræktarfélags Garðabæjar

Félagið stefnir á að ráða starfmann n.k. sumar til að hafa umsjón með svæðum félagsins. Haldið verði áfram með stígagerð og áningastaði á svæðunum. Unnið verði að undirbúningi Græna stígsins gegnum skógræktarsvæðin, við að flytja plöntur úr stígstæðinu og gróðursetja og fegra meðfram honum.

Starfskraftur yfir sumarmánuði með bíl til umráða	kr. 1.000.000
Viðhald og uppbygging útivistarstíga	800.000
Tilfallandi vegna starfseminnar	<u>200.000</u>
Samtals	kr. 2.000.000

Garðabæ, 11. október 2009
fh. stjórnar Skógræktarfélags Garðabæjar

Erla Bil Bjarnardóttir, formaður